

Nd.

47. Frumvarp til laga

[40. mál]

um breyting á lögum nr. 6 10. janúar 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Aftan við 9. grein laga nr. 6 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

e. Eignaauki, er stafar af aukavinnu, sem einstaklingar leggja fram utan reglulegs vinnutíma við byggingu íbúða til eigin afnota. Fjármálaráðherra setur um þetta nánari reglur.

2. gr.

Tekjuskatt álagðan árið 1948 skal ákveða að nýju í samræmi við ákvæði 1. greinar, ef skattgreiðandi krefst þess innan þriggja mánaða frá gildistöku þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ýmsir efnaminni borgarar hafa lagt mjög að sér til þess að koma upp yfir sig íbúð, hafa unnið hverja fristund, kvöldvinnu, helgidagavinnu, til þess að fá þak yfir höfuðið.

En margir þessara manna hafa orðið mjög hart úti vegna þungra skatta. Skattayfirvöldin hafa metið aukavinnu þeirra við íbúðirnar til tekna og lagt á þá tekjuskatt í samræmi við það. Hefur þetta stundum komið svo hart niður, að um þær mundir, er menn loks eftir mikið erfiði hafa lokið smíði íbúðarhúss, lenda þeir í algerum greiðsluþrotum vegna skattanna og jafnvel neyðast til að selja húsin.

Nú er það rík þjóðfélagsleg nauðsyn hér, eins mikil og húsnæðisvandræðin eru víða um land, að hvetja menn sem mest til þess að koma sjálfir upp íbúðum og ekki sízt að leggja fram eigin vinnu í það. Virðist sjálfsagt, að löggjafinn fremur hvetji menn til þess en dragi úr þeim með skattaálögum, sem koma hér mjög þungt niður, þar sem menn hafa í slíkum tilfellum ekki fengið beinar peningagreiðslur fyrir vinnu sína, heldur aðeins þann eignaauka, sem stendur fastur í húseigninni.

Frumvarp þetta fer fram á, að sá eignaauki, sem stafar af eigin aukavinnu manna við að byggja íbúð til eigin afnota, skuli ekki metinn til tekna, og jafnframt ákveðið, að tekjuskattinn fyrir yfirstandandi ár skuli endurskoða í slíkum tilfellum, ef skattgreiðandinn óskar þess.